

REGLUGERÐ

um þorskveiðibann frá 24. júlí til 2. ágúst 1983.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 24 júlí til og með 2. ágúst 1983 eru skipum öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 2 3. janúar 1983, bannaðar þorskveiðar.

Bann þetta tekur ekki til báta, sem eru 12 brúttórúmllestir og minni og stunda línu- eða handfæraveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskaflí yfir 15% af heildaraflanum, verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á því tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15% skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.